



Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

Hlíðasmára 1, 201 Kópavogi • www.syslumenn.is • smh@syslumenn.is • kt.650914-2520 • sími 458-2000

Umsögn - Mál 130/2023 – Áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjöleignarhús (samþykki annarra eigna fyrir skammtímaleigu/gististarfsemi).

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu fagnar áformum innviðaráðherra um breytingu á lögum um fjöleignarhús með það markmið að setja skýrari reglur um gististarfsemi/skammtímaleigu í fjöleignarhúsum m.t.t. þess hvort og þá að hvaða marki aðrir eigendur þurfi að veita samþykki fyrir slíkri starfsemi og setja þannig slíkri starfsemi skýrari ramma

Sá sem hyggst bjóða upp á heimagistingu samkvæmt lögum nr. 85/2007 skal skrá starfsemi sína hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu. Sá sem hyggst stunda starfsemi sem fellur undir gistiflokka II–IV samkvæmt lögum nr. 85/2007 skal hafa til þess rekstrarleyfi útgefið af sýslumanni í lögsagnarumdæmi gististaðarins.

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu er eftirlitsaðili með heimagistingu. Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu annast ákvarðanir um stjórnvaldssektir vegna leyfisskyldrar gististarfsemi.

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu leggur áherslu á að innviðaráðuneyti tryggi að embætti sýslumanns komi að vinnu við gerð frumvarpsins um fyrirhugaðar lagabreytingar. Mikil reynsla og þekking á málaflokknum er hjá embættinu og geta fyrirhugaðar lagabreytingar haft töluverð áhrif á störf okkar, bæði varðandi skráningu heimagistinga og útgáfu rekstarleyfa.

Kópavogi, 6. ágúst 2023

Sigríður Kristinsdóttir
sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu